



## Launahækkunarir verulega meiri en í viðskiptalöndum

Launavísitalan var nær óbreytt milli júní og júlí og hefur alls hækkað um 7,2% frá júlí 2016. Það hefur hægt nær sífellt á hækkuartaktinum frá aprílmánuði í fyrra, þegar ársþækkunin náði hámarki í 13,4%. Vegna lítillar verðbólgu heldur kaupmáttur launa áfram að aukast og var meiri en nokkru sinni nú í júlí, eða 5,3% meiri en fyrir ári síðan.

### Laun miðað við samkeppnislönd

Þó dregið hafi úr launahækkuartakti hafa launahækkunarir hér á landi verið mun meiri en í þeim löndum sem við eigum í mestum viðskiptum við. Þegar styrkingu krónunnar á síðustu misserum er bætt við gefur augaleið að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum hefur rýrnað verulega.

Íslenska launavísitalan, mæld í evrum, hækkaði um 60% frá 2012 til 2016. Á sama tíma hækkuðu laun í helstu viðskiptalöndum okkar að hámarki um 6-8%, voru nær óbreytt í Svíþjóð og lækkuðu um rúm 10% í Noregi. Raungengi krónu miðað við laun hefur alls hækkað um 66,5% yfir tímabilið 2012 fram á fyrsta ársfjórðung þessa árs. Fyrirtæki sem eru í útflutningi, hvort sem það er útflutningur á vöru eða þjónustu, búa því augljóslega við skerta samkeppnisstöðu og mega vart við miklum launahækkuunum á næstu misserum ef samkeppnisstaða þeirra á ekki að versna enn meira.


### Launapróun einstakra hópa

Upplýsingar um launapróun innan einstakra hópa á vinnumarkaðnum koma mun seinna en launavísitalan fyrir heildina. Nýjustu tölur eru fyrir maímánuð. Launavísitalan í heild hækkaði um 7,8% frá maí 2016 fram til maí 2017.

### Almenni og opinberi vinnumarkaðurinn


Laun á almenna markaðnum hækkuðu um 7,4% á milli maí 2016 og maí 2017. Á sama tíma hækkuðu laun á opinbera markaðnum alls um 8,4%, 8,4% hjá

### Launapróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### 12 mánaða hækkuartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Raungengi krónu miðað við hlutfallslegan launakostnað



Heimild: Seðlabanki Íslands



starfsmönnum ríkisins og 8,3% hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Almenn samningsbundin hækkun um 4,5% varð á almenna markaðnum 1. maí 2017. Sú næsta kemur ekki fyrr en í maí á næsta ári, verði samningum ekki sagt upp.

### Launahækkunir starfsstétta

Hækkun einstakra starfsstétta frá maí 2016 til maí 2017 var á bilinu 6-9%. Laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks hækkðu mest, eða um 9,4%. Minnsta hækkunin var hjá stjórnendum, 6,4%.

### Launabreytingar í atvinnugreinum

Launabreytingar í atvinnugreinum milli maí 2016 og maí 2017 voru á bilinu 4,7-8,6%. Hækkunin var mest í flutningum og geymslu, 8,6%, og var einnig yfir 8% í byggingarstarfsemi og verslun. Laun í veitustarfsemi hækkðu minnst, eða um 4,7%, sem er langtum minna en hækkun launavísitölunnar á sama tímabili.

### Áframhald kjarasamninga


Í febrúar var gildistími nógildandi kjarasamninga framlengdur um eitt ár. Launahækkun upp á 4,5% kom til framkvæmda á almenna markaðnum þann 1. maí og gildi samningurinn áfram munu laun almennt hækka um 3% þann 1. maí 2018.

Töluverður fjöldi samninga er nú laus, aðallega á opinbera markaðnum, og eru viðræður í gangi, t.d. á vettvangi félaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambandsins. Niðurstaða þeirra viðræðna mun eflaust ráða miklu um hvort kjarasamningar verði framlengdir í febrúar 2018.


Eins og fram kom hér að framan hafa launahækkunir hér á landi verið mun meiri en í helstu viðskiptalöndum okkar á undanförunum árum og sé breytingin mæld í evrum hefur samkeppnisstaða útflutningsgreina versnað verulega hvað launakostnað varðar.

Eins og oft gerist í viðræðum um kjarasamninga hér á landi virðist ekki horft mikið til samkeppnisstöðu og samanburðar við viðskiptalönd okkar. Kröfur nú byggja mestmegnis á samanburði við aðra hópa og þar hafa ákvarðanir kjararáðs um verulegar launahækkunir til alþingismanna og stjórnenda innan ríkisins ekki gert stöðuna einfaldari.


### Launabróun í evrum



### Launahækkun einstakra hópa maí 2016 - maí 2017




### Launahækkun starfsstétta maí 2016 - maí 2017





Það ætti að vera öllum ljóst að útflutningsgreinar okkar eru í verulega erfiðri stöðu hvað launaþróun varðar og því skiptir miklu að horft verði til þessara þátta við gerð kjarasamninga á næstu misserum.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.